

Landbúnaður í næsta nágrenni við iðnaðarsvæðið á Grundartanga.

Í næsta nágrenni við Grundartanga (10 km radíus) er landsvæði sem er vel fallið til landbúnaðar, víðast er djúpur jarðvegur og skilyrði til ræktunar ágæt. Milli Akrafjalls og Hvalfjarðar er undirlendi lítið en grösugt en norðan þess er það meira og þar má finna nokkuð votlendi sem hefur að hluta verið ræst fram. Meirihluti Leirársveitar er grösugur og nokkuð er um sléttlent votlendi. Á þessu svæði vorar snemma og skilyrði til gras- og bygggræktar eru góð. Skilyrði til skógræktar eru ágæt við Akrafjall, í Svínadal og við sunnanverðan Hvalfjörð. Misviðrasamt og veðrasamt getur verið við Hvalfjörð og er norðvestanáttin hörð og óvægin sem getur haft áhrif á skógræktarskilyrði á einstökum stöðum á svæðinu.

Á þessu svæði er fjölbreytt fuglalíf m.a. varplönd æðarfugls og kríu við Hvalfjörð ásamt talsverðu af mófugli. Nýting á æðardún er á nokkrum bæjum. Kræklingur finnst í Hvalfirði og nú eru í gangi tilraunir með kræklingaeldi í firðinum. Sölvatekja er við Hvalfjörð en ekki nýtt að ráði á seinni árum. Laxveiði er í Laxá í Leirársveit og Laxá í Kjós, silungsveiði í Eiðsvatni og Meðalfellsvatni og sjóbirtingsveiði í Urriðaá.

Í þessari skýrslu er landbúnaðarsvæðinu skipt í tvennt, annars vegar liggur það innan 5 km radíus frá iðnaðarsvæðinu og hinsvegar 5 - 10 km radíus frá iðnaðarsvæðinu og verður gerð grein fyrir búskap á þessum svæðum. Einnig verður gerð grein fyrir allra næsta svæði við verksmiðjuna þ.e. það svæði þar sem leyfi er fyrir að brennisteinn í andrúmslofti megi vera meiri en 30 g/m³.

Svæði innan 5 km fjarlægðar frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Hér er um næsta nágrenni iðnaðarhverfisins að ræða. Svæðið nær til 25 lögbýla ásamt þéttbýliskjarnanum á Hagamel. Tólf lögbýli eru í Skilmannahreppi, þrjú í Leirár- og Melahreppi, átta í Hvalfjarðarstrandahreppi og 2 í Kjósahreppi. Af þessum 25 jörðum eru fjórar jarðir í eyði og lítill sem enginn búskapur á 8 jörðum. Á sex jörðum á þessu svæði er búskapur aðalatvinna bændanna. Á öðrum jörðum er um búsetu að ræða með fæinar kindur og nokkur hross og hafa íbúarnir atvinnu af öðru en búskap.

Á töflu 1 má sjá fjölda búfjár árin 1998 og 2000. Árið 2000 eru 6 bú á svæðinu með nautgriparækt og 15 bú með sauðfé 5 af þeim eru blönduð þ.e. bæði með sauðfé og nautgripi.

Nautgripirnir ganga í heimalöndum að sumrinu. Í Skilmannahreppi gengur féð í Akrafjalli yfir sumarið fram á haust, annars í heimahögum. Í Leirársveitinni gengur fé í Skarðsheiðinni yfir sumarið eða heimalöndum. Á þeim jörðum sem tilheyra Hvalfjarðarstrandahreppi er sauðfé mest haft í heimahögum m.a í fjalllendi. Töluvert er um hross á svæðinu og nokkrir bændur taka hross á sumrin í hagagöngu. Flest tún eru nýttjuð annað hvort til beitar eða slægna.

Á þessu svæði er skógrækt stunduð í nokkru mæli á fjórum jörðum, tvær af þeim eru í bændaskógrækt á vegum Vesturlandsskóga og nokkrir aðilar til viðbótar á svæðinu hafa lýst áhuga á að taka þátt í bændaskógrækt. Einn bóndi er með kartöflurækt og eitt hænsnabú er á svæðinu. Ferðaþjónusta er rekin á tveimur bæjum, bæði leiga á sumarbústaða lóðum og útleiga á sumarhúsum.

Svæðið í 5-10 km fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga

Þetta svæði nær yfir verulegan hluta af Akrafjalli, yfir í Melasveit, nokkuð upp í Svínadal og yfir í Kjósarhrepp. Á þessu svæði eru 52 lögbýli af þeim eru fjögur í Innri-Akraneshreppi, fimm í Skilmannahreppi, fimmtán í Leirár- og Melahreppi, sex í Hvalfjarðarstrandarhreppi og tuttugu í Kjósarhreppi og tvö í Reykjavík. Innan þessa svæðis er þéttbýlið Hlíðarbær og sumarbúðirnar í Vatnaskógi. Af þessum jörðum eru 17 með engan eða óverulegan búskap, flestar af þeim eru þó nýttar til slægna eða hrossabeitar.

Á þessu svæði eru 23 jarðir með nautgripir og 31 með sauðfé. Á 22 jarðanna er búskapur aðalátvinna bændanna en aðrir bændur eru með verulega vinnu með búskapnum. Á þessu svæði er margar sumarbústaðalóðir, sem eru leigðar út og á a.m.k. fimm jörðum hefur verið skipulagt sumarbústaðahverfi. Sumarheit sauðfjár á þessu svæði er í Akrafjalli, Skarðsheiði og í Botnsdal ásamt heimahögum. Í Kjósarhreppi er mest beitt í Eyrarfjall og í heimahaga. Hrossabeit er fyrst og fremst á láglendi. Á einni jörð er kartöflurækt og á annarri fiskeldi, hænsnabú er á tveimur jörðum. Sala á heyi eða leiga á slægjum er töluverð á svæðinu. Skógrækt er vaxandi og eru sjö aðilar þátttakendur í bændaskógrækt og hafa allmargir aðilar á svæðinu sótt um að komast í það verkefni. Skilyrði til skógræktar teljast góð.

Svæðið næst iðnaðarhverfinu þar sem magni brennisteins í andrúmslofti er leyft að vera meira en 30 g/m³ samkvæmt starfsleyfi.

Þetta svæði nær til sjö jarða og að auki inn á lóð félagsheimilisins Fannahlíðar. Búið er á fjórum jörðum og að auki er heimili forstjóra Járnblendisverksmiðjunnar á svæðinu. Haustið 2000 voru skráðar 208 kindur og 7 hross á þessum jörðum. Yfir sumarið eru flestar kindurnar á beit í Akrafjalli. Á einni jörð er landið leigt til hrossabeitar yfir sumarið. Skógrækt er stunduð á þessu svæði. Á engri af þessum jörðum er landbúnaður aðal tekjustofn ábúenda.

Tafla 1	Bústofn 1998				Bústofn 2000			
	Mjólkurkýr	Aðrir nautgripir	Sauðfé	Hross	Mjólkurkýr	Aðrir Nautgripir	Sauðfé	Hross
Svæði 1								
0- 5 km radíus	159	198	583	125	120	216	335	111
Breyting 1998-2000	-39	18	-248	-14				
Svæði 2								
5- 10 km radíus	362	607	3277	530	338	629	3243	527
Breyting 1998-2000	-24	22	-34	-3				
Samtals á svæði 1 og 2	521	805	3860	655	458	845	3578	638
Breyting 1998-2000	-63	40	-282	-17				

Í töflu 1 koma fram breytingar á bústofni milli árana 1998 og 2000, veruleg fækkun er á mjólkurkúm á svæðinu eða um 63 kýr. Tvö bú hættu mjólkurframleiðslu á tímabilinu og tvö önnur eru á leið út úr mjólkurframleiðslu. Sauðfé fækkar um 282 kindur og er skýringin fyrst og fremst sú að á fjórum búum var greiðslumarkið selt haustið 2000. Á þrettán búum fjölgaði sauðfé.

Tafla 2.

Flokkun jarða með tilliti til búskapar.

Gerð búskapar	Svæði 1. Fjöldi bóa í 0-5 km fjarlægð frá iðnaðarhverfi	Svæði 2. Fjöldi bóa í 5- 10 km fjarlægð frá iðnaðarhverfi
Mjólkurframleiðsla, nautgripafr. sauðfé og hross	4	17
Mjólkurframleiðsla og nautgriparækt.		3
Nautgriparækt ekki mjólkurfr.	1	
Nautgripir, sauðfé og hross	1	3
Sauðfé	3	
Sauðfé og hross	7	11
Hross	2	7
Búseta en ekki búfé	3	7
Jarðir í eyði	4	4
Samtals:	25	52

Í töflu 2 er tekið saman hvernig búskapur skiptist milli búgreina á báðum svæðunum. Um er að ræða fjölbreyttan búskap og til viðbótar eru nokkrir aðilar með ferðaþjónustu, skógrækt og aðrar búgreinar eins og gerð hefur verið grein fyrir. Aðstaða til búskapar er góð bæði veðurfarslega og hvað jarðveg varðar eins er stutt á markað með afurðir. Þá er möguleiki að vera með lítinn búskap með vinnu þar sem stutt er í vinnu bæði á Grundartanga og eins í næsta þéttbýli (Reykjavík, Akranes, Borgarnes). Mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt hefur dregist saman á þessu svæði eins og annars staðar í héraðinu og búast má við að samdráttur verði nokkur áfram, en ætla má að kúabúin sem eftir verða stækki á næstu árum. Þetta svæði sem hér hefur verið fjallað um býr við fjölbreytta og mikla náttúrufergurð sem býður uppá ýmsa möguleika fyrir íbúana, til búskapar og ekki síst til ferðaþjónustu, er því mikilvægt að aðgát sé viðhöfð í sambandi við öll frekari umsvif á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Borgarnesi í janúar 2001

Guðmundur Sigurðsson

Búnaðarsamtökum Vesturlands

